



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 313. fundur

Föstudaginn 22. nóvember 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Ásgeir Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fulltrúi Hafnarfjarðar, Helga Ingólfssdóttir boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

- 1) Níu mánaða árshlutauppgjör lagt fram til staðfestingar.
- 2) Gjaldskrá samþykkt.
- 3) Starfsáætlun stjórnar 2020.
- 4) Útboð á vögnum.
- 5) Greiðslukerfið – staðan.
- 6) Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – staðan.
- 7) Málaferli – staðan.
- 8) Önnur mál.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Árshlutareikningur 30.09.2019

Framkvæmdastjóri Strætó lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoma fyrir fyrstu níu mánuði ársins er undir áætlun sem nemur um 15 m.kr. Skýrist að mestu af hærra olíuverði en gert var ráð fyrir í áætlun.

Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30. september 2019 með undirskrift sinni.

##### 2. Gjaldskrá samþykkt

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá Strætó. Stjórn samþykkti gjaldskráhækkun sem gildir frá 5. janúar 2020. Vegin meðalhækkun er 2,30%.

##### 3. Starfsáætlun stjórnar 2020

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að fundað verði á þriggja vikna fresti að jafnaði, en boðað til aukafundar ef þess gerist þörf.

Samþykkt að vinna drögin áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

##### 4. Útboð á vögnum

Umræður um næsta útboð á vögnum. Framkvæmdstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.



## 5. Greiðslukerfið - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi kaup á nýju rafrænu greiðslukerfi. Niðurstaða útboðs var tilkynnt þjóðendum þann 28. október s.l. og í framhaldinu hefur verið fundað með FARA AS varðandi verkáætlun og tímaplan.

## 6. Ferðapjónustu fyrir fatlað fólk

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðuna. Ráðgjafi á vegum SSH hefur verið ráðinn til að fara yfir og vinna að þjónustulýsingu og reglum. Gert er ráð fyrir að fljótlega verði farið að funda með hagsmunaaðilum.

## 7. Málaferli - staðan

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó kom á fundinn og fór yfir stöðuna í máli 2ja verktaka í ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem stefnt hafa Strætó. Málið er enn í fresti og fór Guðmundur yfir matsgerðina sem unnin hefur verið í málinu. Jafnframt fór Guðmundur yfir kæru sem barst vegna tilboða í greiðslukerfi Strætó.

## 8. Önnur mál

- a) Stjórn fól framkvæmdastjóra að athuga með framlengingu á samningi við Deloitte vegna innri endurskoðunar fyrir árið 2020.

**Fundi slitið kl. 13:00**

**Fylgiskjöl:** Árshlutareikningur Strætó 30.09.19 - <https://straeto.is/uploads/files/936-05ed7e7efc.pdf>  
Kynning á árshlutauppgjöri 30.09.19 - <https://straeto.is/uploads/files/935-bc41e1acad.pdf>

\_\_\_\_\_  
Björg Fengler

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir